

## Samantekt úr nemendakönnun Skólapúlsins

Nemendakönnunin fer fram í nokkrum 40 nemenda úrtökum sem dreift er um skólaárið. Könnunin mælir 19 þætti í þremur flokkum : Virkni nemenda í skólanum, Líðan nemenda og skóla- og bekkjarandi.

Könnunin var gerð í 6. – 10 bekk og voru mælingar í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl.

### Virknir nemenda í skólanum

**Ánægja af lestri** hefur haldist nokkuð jafnt í mælingum undan farin ár og erum við á sama stað og í fyrra, en erum enn aðeins undir landsmeðaltali. Innan skólans hefur ánægjan af lestri dalað eftir því sem líður á veturinn. Ekki er mikill munur milli árganga að 8. bekknum undanskildum, eru nemendur þar töluvert undir landsmeðaltali. Talsvert hærra hlutfall stúlkna hefur ánægju af lestri, stúlkur eru við landsmeðaltal en drengir töluvert undir því.

**Þrautseigja í námi** helst mjög svipuð fram í febrúar en þá lækkar hún töluvert undir landsmeðaltal. Hún hækkar þó smám saman aftur í mars og í apríl er hún rétt undir landsmeðaltali. Ekki er mælanlegur munur milli árganga en 8. bekkur er þar lægstur. Stúlkurnar virðast hafa töluvert meiri þrautseigju en drengirnir, þær eru yfir landsmeðaltali en strákarirnir töluvert undir því.

**Áhugi á stærðfræði** hefur farið upp og niður í vetur féll mest niður í febrúar en er komin í landsmeðaltal í apríl. Hefur hækkað aðeins á milli ára en er við landsmeðaltal í upphafi og lok skólaárs. Áhuginn er mestur í 6. en ekki er þó mikill munur á milli árganga fyrir utan 8. bekkinn þar er áhuginn lang minnstur. Ekki er mikill munur á áhuga hjá kynjunum en strákarirnir hafa þó örlítið meiri áhuga en stelpurnar.

**Áhugi á náttúruvísindum** minnkað í vetur í byrjun skólaárs var hann við landsmeðaltal en lækkaði töluvert í febrúar og er töluvert undir landsmeðaltali. Áhuginn hefur þó hækkað örlítið milli ára en er í heildina um 0,7 stigi undir landsmeðaltali. Stúlkurnar hafa meiri áhuga en drengirnir og 6. bekkur sýnir mestan áhuga og 10. bekkur sýnir minnstan (sami árgangur á árið áður).

**Trú á eigin vinnubrögðum í námi** hefur haldist svipað í öllum mælingum, fer þó aðeins niður á við í maí. Er við landsmeðaltal og hefur haldist svipað undanfarin ár. 6. og 10. bekkur hefur mestu trú á sér en 8. bekkur hefur áberandi minnsta trú á eigin vinnubrögðum. Stúlkurnar hafa áberandi meiri trú á sér en drengirnir, eru 1,1 hærra en þeir.

**Trú á eigin námsgetu** helst svipað í öllum mælinum en lækkar töluvert í maí um 0,6. Hefur hækkað um 0,5 frá síðustu könnun og er aðeins undir landsmeðaltali. Nemendur í 7. bekk hafa mestu trú á eigin námsgetu en nemendur í 8. bekk hafa minnstu trúna og munar 1,7 á þeim. Stúlkurnar mælast mun hærra en drengirnir þ.e. 1,4.

Þegar þetta ár er borið saman við síðasta skólaár 2014-2015 þá hafa allir þættir hækkað eitthvað milli ára nema stærðfræði og trú á eigin vinnubrögð lækkaði örlítið. Stúlkurnar eru hærri í öllum mælingum nema einum þ.e. áhugi á stærðfræðinámi en þar munar einungis 0,1. Nokkur munur er á milli árganga, 6. bekkur mælist hærri en aðrir í öllum þáttum nema í trú á eign námsgetur þar er 7. bekkur hæstur. Nemendur í 8. bekk eru hins vegar læstir í öllum þáttum nema í áhuga á náttúrufræði þar er 10. bekkur lægstur. Í könnuninni frá 2014-2015 var 7. bekkur hæstur í öllum mælingum en það er áhugavert að sjá að það er ekki sami árgangur sem mælist hæst í þessari könnun. Enn er GRV alment undir landsmeðaltali í öllum mælingum, nálgast þó hægt og sígandi og er alveg við landsmeðaltal í öllum þáttum nema í náttúrufræði en þar höfum við þó hækkað um 0,4 stig frá fyrra ári.

### **Líðan nemenda**

**Sjálfsálit** lækkar eilítið milli fyrstu og síðustu mælinga og hefur aðeins lækkað frá fyrra ári. Er rétt undir landsmeðaltal og strákar hafa aðeins meira sjálfsálit en stúlkurnar og 7. bekkur mælist hæstur, en 6. og 8. bekkur lægstur munar 0,5 stigum. Gaman að sjá að um 86% nemenda eru ánægð með sjálfa sig, hafa jákvætt viðhorf til sjálf síns og geti gert marg jafn gott og aðrir. En umhugsunarefni að tæp 40% finnst þeir ekki skipta neinu máli fyrir aðra.

**Stjórn á eigin lífi** helst mjög svipað milli mælinga, lítill sem enginn munur milli árganga og kynja. Er aðeins undir landsmeðaltal og hefur aðeins lækkað frá því í fyrra. Nemendum 6. bekkjar finnst þeir hafa áberandi minnstu stjórn á sínu lífi eru 0,5 stigum undir öðrum árgöngum.

**Vellíðan** helst mjög svipað í öllum mælingum, lækkar þó aðeins í desember en hækkar svo smám saman aftur er við landsmeðaltal, erum 0,3 stigum undir landsmeðaltali í maí. Nokkur munur er á milli kynja og árganga, 6. bekkur er lægstur og er 0,8 stigum lægri en 8. bekkur sem er hæstur. Þegar spurningarnar eru skoðaðar virðast nemendur vera flestir nokkuð glaðir en það er áhugavert að sjá að þegar spurt er um stress þá er u um 30% sem finna stundum fyrir stressi og um 28% oft/mjög oft.

**Einelti** fer örlítið upp milli ára en er mjög svipað í öllum mælingum. Mælist mest í 6. bekk, og lítill munur milli stúlkna og drengja. Er rétt yfir landsmeðaltali. Virðast vera um 16 nemendur sem segjast oft verða fyrir einhvers konar aðkasti.

**Tíðni eineltis** hækkar töluvert milli ára, mælist mest í nóvember en er svipað hina mánuðina. Við erum aðeins yfir landsmeðaltal, strákar upplifa einelti oftast en stelpur. Mikill munur er á árgöngum, 23,9% nemenda í 6. bekk upplifa einelti en einungis 4% í 9. bekk. 18 nemendur segjast hafa verið lagðir í einelt 1-3 sinnum á 30 dögum og 4 nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti 10 sinnum eða oftast. Þegar spurt er um hvar eineltið á sér stað er mælist frímínútur á skólalóð hæst 46,7%, í tímum 26,7% og búningsklefi í íþróttahúsi 20%.

**Hreyfing og mataræði** Hreyfing minnkar um 5% milli ára en er þó enn nokkuð yfir landsmeðaltali. Mikill munur var á mælingum eftir mánuðum, mest var hreyfingin í okt. og

des. Þá var hún 5,0 stigum yfir landsmeðaltali. Lítil munur milla kynja en mælist mest í 7. og 8. bekk. Mataræðið lækkar líka örlítið er á landsmeðaltali. Stúlkur borða hollar en strákar og allir árgangar borða hollar en jafnaldrar þeirra á landsvísu nema 6. bekkirnir.

Þegar líðan nemenda er skoðuð miðað við síðasta skólaár eru mælingar mjög álíkar. Einelti er að hækka og tíðni þess að fjölga. Nemendur virðast ekki hafa eins mikla stjórn á eigin lífi og upplifa meira stress en eru engu að síður glaðir. Nemendur 6. bekkja skera sig töluvert úr og þarf að huga betur að þeim í framtíðinni.

## Skóla- og bekkjarandi

**Samsömun við nemendahópinn** hefur lækkað örlítið á milli ára og er 0,3 undir landameðaltali. Mælingarnar hækka töluvert í nóvember og ná landameðaltali en lækka svo jafnt og þétt og endar í 0,5 stigum undir meðaltalinu. Strákar samsama sig betur en stúlkur og eiga nemendur í 6. Bekk erfiðast með að samsama sig við hópinn eru 0,6 lægri en aðrir árgangar. Þegar spurningarnar eru skoðaðar eru rúm 80% sem segjast vera sáttir, hamingjusamir og allt sé í besta lagi í skólanum. En 16 % segjast vera einmanna og að öðrum líki ekki við þá og 31 % líður kjánalega og finnst þeir ekki passa við hina nemendur og eigi erfitt með að eignast vini.

**Samband nemenda við kennara** lækkar á milli mælinga í okt. 5,6 en í maí 4,0 stig og er undir landsmeðaltali. Mælist mest í 9. bekk og minnst í 10. bekk. Stúlkur virðast upplifa mun betra samband við kennara en drengir. Þegar spurningarnar eru skoðaðar nánar kemur í ljóst að 80 % nemenda eru sammála um það að kennarar séu áhugasamir um að nemendum liði vel, þeir hlusti á sig og séu sanngjarnir. En 31 % eru ósammála því að nemendum semji vel við flesta kennara.

**Agí í tímum** lækkar á milli ára er 0,3 stigum undir landsmeðaltali. Mælingar nokkuð jafnar á milli mánaða eru lægstar í okt. og maí, en eru við landsmeðaltal hina mánuðina. Mikill munur er á milli árganga, mælist mestur í 9. bekk 5,6 sem er langt yfir landsmeðaltali en lægstur í 7. bekk 4,4 stig. 20% nemenda segja að í flestum tímum þurfi kennarar að bíða lengi eftir að nemendur róist og það sé hávaði og óróleiki.

**Virgni í tímum** mælingar haldast jafnar fyrstu þrjá úrtaks mánuðina en lækka síðan töluvert, um 0,8 stig apríl og maí. Í heildina lækkar virknin um 0,6 stig á milli ára, er aðeins undir landsmeðaltali en er mest í 8. bekk en minnst í 9. bekk. Strákar eru mun óvirkari í tímum en stúlkurnar.

**Mikilvægi heimavinnu í náminu** stendur í stað á milli ára og fer upp og niður í mælingum vetrarins en er yfir landsmeðaltali. Enn sem fyrr er það 6. bekkur sem mælist hæstur og stúlkurnar telja heimavinnu mikilvægari en drengir. Áhugavert að skoða að þegar nemendur eru spurðir að því hvort að heimavinnan sem þeir fá sé áhugaverð þá svara 27% næstum aldrei og 38,3 % stundum. Flestir klára heimavinnuna á réttum tíma.

Í samanburði við síðasta skólaár hefur samband nemenda við kennara lækkað töluvert á skólaárinu en einn árgangur er að upplifa mun nánari tengls við kennara en hinir. Aginn helst nokkuð góður fyrri hluta skólaársins en hann virðist minnka þegar líður á skólaárið, en sami árgangur mælist með mestan aga og í góðu sambandi við kennara.

Þegar litið er yfir könnunina og hver þátturinn skoðaður fyrir sig þá er margt áhugavert að sjá.

**Virkni nemenda í skólanum** þá er vert að skoða nánar niðurstöður fyrir 6. og 8. bekk. Nemendur í 6. bekk meta sig hæst í 5 þáttum af 6, þ.e. trú á eigin getu í námi. Nemendur í 8. bekk meta sig hins vegar lægst í 5 þáttum af 6, þ.e. ánægja af náttúrufræði.

**Líðan og heilsa** þar eru niðurstöðurnar ekki eins afgerandi í árgöngum. Nemendur í 6. bekk meta sig hins vegar lægst í 4 þáttum af 7 og hæst í 2 þáttum af sjö þ.e. upplifun af einelti. Líðan þeirra þarf því að skoða nánar, þeir hafa litla trú á eigin getu, finna fyrir stressi og óöruggir inna hópsins.

**Skóla- og bekkjarandi** nemendur í 9. bekk upplifa mestan aga í tímum, besta sambandið við kennara og eru virkastir í tímum. Nemendur í 8. bekk leggja sig lítið fram í tímum og sjá ekki tilgang með heimanámi, nemendur í 6. bekk finnst hins vegar heimanám mjög mikilvægt.

Ánægjulegt að sjá að trú á eigin námsgetu og vinnubrögð hefut hækkað á milli ára. Ánægja af náttúrufræði hefur aukist örlítið milli ára en við stöndum í stað í ánægju af stærðfræði og höfum aðeins lækkað í ánægju af lestri. Einnig hefur virkni nemenda aukist og líðan nemenda mælist alltaf nokkuð góð, einelti hefur þó hækkað eitthvað hjá okkur og það þarf að skoða nánar.

Í lok könnunarinnar eru **opin svör** þar sem nemendum gefst tækifæri til að koma því á framfæri hvað þeim þykir gott og slæmt við skólann:

Hér má sjá samantekt úr þeim svörum:

#### **Lýstu því sem þér finnst sérstaklega gott við skólann**

- Kennararnir
- Vinirnir
- Skemmtilegir nemendur
- Maturinn góður
- Skemmtilegar námsgreinar: Allar námsgreinar nefndar.
- Skólaliðarnir góðir
- Námsverin góð
- Frímínútur
- Námsfnið fínt í flestum tímum
- Sérdeildin, þar er góður vinnufriður
- Hjálpsamir kennarar sem hlusta á nemendur og hjálpa við námið
- Að geta útskrifast
- Félagskapurinn, stærðfræði og hvað skólinn er frumlegur
- Góð félagsaðstaða og mjög vel tekið á stríðnis- og eineltismálum

- Góður ritari
- Góður sparkvöllur
- Hvað allir leggja sig fram við að reyna að minnka einelti
- Hvað allir eru á móti einelti
- Hafa lotur, frímínútur og hreyfingu
- Starfsfólk og kennarar kurteisir og taka vel á móti nemendum
- Hvað kennarar eru þolinmóðir og góðir við nemendur
- Hægt að kaupa ávexti og samlokur
- Að þurfa ekki að fara út í frímínútum.
- Stuttir skóladagar og val utan skóla
- Frítt wi fi
- Góð aðstaða fyrir nemendur
- Mér finnst gott að skólinn hefur byrjað að hugsa meira um hreyfingu og heilsu nemenda
- Skólinn er vel búinn áhöldum og tækjum
- Skóladagurinn oft brotinn upp og gert eitthvað óhefðbundið. Það er skemmtilegt.
- Skóladagurinn er vel skipulagður t.d. hvenær nestið er og lengd á tímunum
- Skólinn okkar er að reyna mjög hart að bæta sig t.d. með nýjum tækjum
- Hvað við höfum mikið frelsi
- Hvað allir eru góðir við alla og hjálpast að
- Kennarar og nemendur eru betri en í flestum skólum, lítið um einelti og ég fæ aðstoð þegar ég þarf hana.
- Að mega hlusta á tónlist
- Léttara að læra í skólanum en heima
- Ekki of mikið um heimavinnu og skólinn stuttur  
það er hægt að nota tæknina í náminu og fjölbreytt val
- Að það megi nota síma
- Starfsfólkinu og vinunum er ekki sama hvernig mér gengur í skólanum
- Sófarnir, stólarnir og matsalurinn
- Félagsskapurinn og gleðin
- Félagslífið
- Oft er mjög góður mórall eins og í skólaferðalögum
- Allt, frábær skóli ☺
- Bekkjartímar og langar frímínútur
- Hann er krefjandi og nemendur mega hafa almennileg samskipti í skólanum
- Mikill kostur að eldri nemendur mega nota eigin fartölvu í skólanum

**Lýstu því sem þér finnst sérstaklega slæmt við skólann**

- Of læti í tíma og truflun frá nemendum (margir nefna þetta)
- Lítil vinnufriður, það er stundum erfitt að ná einbeitingu
- Of mikil vinna á viku
- Að þurfa vakna snemma á morgnana, má byrja seinna á morgnana
- Heimavinna, stundum nefnt að hún sé of mikil
- Ósanngjarnir krakkar
- Afskiptasamir nemendur
- Maturinn
- Maturinn stundum of kaldur og of lítill skammtur
- Að vera einn, eiga ekki vini
- Lélegir stólar, borð og vantar skápa
- Mikið af vandamálum hjá okkur stelpunum
- Oft kalt í skólanum
- Sumt námsefni leiðinlegt og of létt
- Vantar meiri fjölbreytni í tímum
- Það á ekki að vera heimavinna nema ef maður vinnur ekki í tímum. Til hvers að læra heima þegar maður er búinn að vera að læra allan daginn.
- Sitja of lengi og láta sér leiðast
- Of mikið af tröppum
- Lélegur skjávarpi og net
- Kennarar þurfa að huga meira að námsmati og vanda valið á því með því hugarfari að lokaekunn hefur mikið að segja í hvaða framhaldsskóla nemendur komast
- Að hafa síma í tíma og nemendur í 6. og 7. bekk ættu ekki að hafa síma í skólanum
- Námsefnið: kenna meira um daglegt líf, eins og laun ofl. og pólitík
- Of mikil símanotkun nemenda
- Nokkarar námsgreinar voru nefndar t.d. sund, danska, náttúrufræði, íslenska, smíði og saumar
- Að fylgjast betur með einelti
- Félagslífið
- Sumir hlutir eru of léttir, námsefnið
- Of stuttar frímínútur á unglingastiginu
- Eldri strákar mættu vera betri við yngri nemendur
- Vantar fleiri leiktæki á skólalóðina t.d. Skólahreystibraut

- Skemmdir á skólanum, þarf að laga
- Malbikið á körfuboltavöllunum
- Kennarar í sumum fögum hafa ekki nægan áhuga og kunnáttu og mæta ekki á réttum tíma
- Hvernig sumir koma fram við aðra
- Of lítið að gera í frímínútum
- Skólahjúkrunarkonan má vera alla daga vikunnar í skólanum
- Krakkar sem leggja alltaf í einelti, það þarf að bæta útivakt í frímínútum á bakvið skólann
- Allir krakkarnir séu saman í leikfimi
- Þrengsli í matsalnum
- Kennarar mættu veita nemendum hjálp sem þurfa rosalega mikið á henni að halda
- Sumir gangaverðirnir eru leiðinlegar og oft ósanngjarnir
- Vinna verkefni með öðrum, veit að það er mikilvægt en yfirleitt þarf sá nemandi með mestan metnað að vinna allt verkefnið
- Kennarar eru leiðinlegir, eru ekki sanngjarnir og það mætti lengja nestistímann
- Allir á gervigrasinu rífast
- Frekar strangar reglur
- Heilsufæðið í skólanum ekki gott
- Hvað krakkar baktala mikið og eru í cool kids grúbbu
- Maturinn er alltof stuttur væri ekkert á móti því að hafa 30 mínútur
- Nemendur sýna kennurum ekki næga virðingu
- Of heilsusamlegt í sjoppunni
- Of margir kennarar sem eru ekki að reyna nógu mikið að láta nemendum líða vel. Ekki taka pírring út á nemendum, nemendum líður heldur ekki alltaf vel og svara þess vegna stundum á móti.
- Sinna geðheilsu nemenda betur vegna þess að ef nemendur læra að vera ánægð með sjálfan sig og standa uppi fyrir sjálfum sér er líklegt að þeim líði betur
- Alltof lengi í skólanum
- Þirraðir og óþolinmóðir kennarar
- Of langir skóladagar
- Hollara nesti í matsalnum í boði (salat eða eitthvað álíka), selja Kristal í frímó.
- Svo voru margir sem sögðu að ekkert væri slæmt við skólann